



Akstursíþróttasamband Íslands

Árþing 28.-29.03.2014

Árþing Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í fundarsal E 28. – 29. mars 2014.

1. Þingsetning

Guðbergur Reynisson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á 2. Árþing AKÍS:

Akstursíþróttasamband Íslands AKÍS er afsprengi Akstursíþróttanefndar ÍSÍ og LÍA sem sett var á laggirnar á vormánuðum árið 2008 eftir að samkomulag Bílklúbbs Akureyrar, Landsambands Íslenskra Akstursíþróttafélaga, Kvartmíluklúbbsins, Bifreiðaiþróttaklúbbs Reykjavíkur og Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar var undirritað þann 4. maí sama ár. Markmið nefndarinnar var að koma á fót sérsambandi innan ÍSÍ sem myndi sjá um sameiginlega yfirstjórn yfir akstursíþróttum á Íslandi undir merkjum ÍSÍ og FIA.

Stofnþing Akstursíþróttasamband Íslands var svo haldið 20. Desember árið 2012. Þar var kosin stjórn sambandsins og samþykkt lög þess.

Þetta stendur á vefsíðu AKÍS og er ástæða þess að við sitjum hér núna og höldum okkar annað Árþing, en aðallega er það ástríða þeirra sem hér eru fyrir akstursíþróttum og öryggi þeirra sem taka þar þátt í keppnum.

Fyrir höndum okkar um helgina er að vinna í sameiningu að einföldun á regluverki í akstursíþróttum og sameiginlegum skilningi, þannig að ekki þurfi að koma til ástæðulauss ágreinings heldur sé friður til þess að stunda það sem okkur líkar best að gera = Akstursíþróttir.

Árið 2013 misstum við því miður nokkra af félögum okkar. Ég las upp einhverja hér á síðasta formannafundi en ætla að lesa aftur upp og munum við reyna að viðhalda þessum síð á árþingi frekar en á formannafundi.

Pétur Sigurbjörnsson var duglegur í félagstörfum og keppti til dæmis í torfæru á Flugunni sem hann smíðaði sjálfur og hjálpaði syni sínum við Rallýútgerð.

Páll Steindórsson góður félagi og gjaldkeri Bílklúbbs Akureyrar lést í hörmulegu flugslysi sem átti sér stað á akstursíþróttabraut BA í sumar.

Pálmi Harðarson, 58 ára að aldri, lést í umferðaslysi á árinu. Hann var viðloðandi Kvartmíluklúbbinn nánast öll þau 40 ár sem hann hefur starfað og gekk í öll störf. Pálmi hefur verið gerður heiðursfélagi Kvartmíluklúbbsins.

Halldór Gíslason, sem lést 8 desember síðastliðinn, 61 árs að aldri. Halldór var mjög virkur í félagsmálum og var meðal annars formaður BÍKR. Halldór var áhugamaður um

keppnisbrautir og teiknaði keppnisbrautina á svæði AÍH í Hafnarfirði.

Skarphéðinn Kristjánsson var nýlega genginn í Bílklúbb Skagafjarðar þegar hann lést í bílslysi ásamt kærustu sinni Önnu Sigurbjörnsdóttur, ungir krakkar sem missir er af.

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ lést langt um aldur fram í sumar Sviss þar sem hann var í embættisstörfum sem forseti FIBA Europe.

Og á alþjóðavettvangi okkar verðum við að minnast;

Maria de Villota prufuökumaður í F1 og kona sem setti mark sitt á akstursíþróttir sem lést nú í október tveimur árum eftir alvarlegt slys við reynsluakstur í Formula 1 kappakstri.

Að síðustu vil ég að við biðjum fyrir Michael Schumacker sem berst nú hatrammri baráttu við höfuðmeiðsl og ekki vitað hvað verður.

Ég vil biðja fundarmenn að rísa á fætur og minnast þessarra féлага okkar með einnar mínútu þögn þeim til heiðurs.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Árni Gunnlaugsson AÍFS, Helga Katrín Stefánsdóttir TKS og Baldur Haraldsson Bílklúbbi Skagafjarðar skipuðu kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Þrándur Arnþórsson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins. Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun ársþingsins. Það var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

4. Ávörp gesta

Gunnar Bragason – flutti kveðjur framkvæmdastjórnar og forseta ÍSÍ. Gunnar þakkaði stjórn AKÍS fyrir hennar þátt í mótun sambandsins og minnti á að ÍSÍ er ávallt tilbúið að þjóna samböndum. Hann kvað það skoðun sína og annarra að AKÍS verði gott, öflugt og sjálfstætt samband.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Guðbergur Reynisson flutti skýrslu stjórnar:

Akstursíþróttasamband Íslands var stofnað 20. desember 2012 af aðildarfélögum sínum, Akstursíþróttafélagi Suðurnesja, Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Bílklúbbi Akureyrar, Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur, Bílklúbbi Skagafjarðar, Kvartmíluklúbbnum, Akstursíþróttafélaginu Start, Stimpli Akstursíþróttafélaga og Torfæraklúbbi Suðurlands

Á fyrsta Ársþingi AKÍS sem haldið var vorið 2013 urðu þær breytingar á stjórn að Guðbergur Reynisson varaformaður tók við formennsku, og í stað Björgvins Ólafssonar kom nýr maður í stjórn Einar Gunnlaugsson.

Á fyrsta fundi var svo skipt með sér verkum og stjórn AKÍS skipuðu því, Guðbergur Reynisson formaður, Lárus Blöndal varaformaður, Ólafur Guðmundsson gjaldkeri, Ari Jóhannsson ritari, Einar Gunnlaugsson, Gunnar Hjálmarsson, Ragnar Róbertsson og Tryggvi M. Þórðarson. Eftir svíplegt fráfall forseta ÍSÍ Ólafs Rafnssonar, tók Lárus við embætti forseta ÍSÍ og baðst því lausnar sem varaformaður og tók Gunnar Hjálmarsson við því embætti.

Stjórn AKÍS hélt 32 fundi á tímabilinu þar af 14 símafundi og 18 raunfundi, ýmis mál voru tekin fyrir á þessum fundum. Einnig voru haldin ársþing og formannafundur AKÍS og aðalfundur LÍÁ.

Stofnuð voru keppnisráð allra greina og áttu þau að nýttast vegna hvers kyns samvinnu eða ágreinings milli félaga sem kynni að verða, það er skemmst frá því að segja að keppnisráðin virkuðu ekki sem skyldi. Formaður vonaði að samþykkt yrði á þinginu reglugerð keppnisráða.

Mikil vinna fylgir því að vera stjórnarmaður í AKÍS en stjórn skipti með sér öllum keppnum sumarsins og reyndum við eftir bestu getu að mæta til eftirlits á þær allar 40 talsins, með misgóðum móttökum þó.

Formaður og framkvæmdastjóri AKÍS sátu íþróttþing ÍSÍ, Ólafur Guðmundsson fór til Bretlands á FIA sport conference week sem haldið var í fyrsta sinn, Tryggvi fór fyrir hönd AKÍS á árlegan fund FIA-NEZ, fundað var nokkrum sinnum með aðilum frá ríkislögreglustjóra og Innanríkisráðuneytinu til þess að sameina vinnuaðferðir varðandi reglugerðina og einnig voru nokkrir fundir með aðilum frá Tryggingarfélagum, Íþróttadeild RUV boðaði sérsamböndin á fund til þess að reyna að bæta þar samskipti, við bárum ekki feitan hlut af þeim samskiptum þó mótorsportþáttur Rúnars og Gunnars Garðarssona hafi vissulega verið góð auglýsing fyrir sportið, umræða er nú innan raða sérsambandanna að stofna til sjónvarpsstöðvar innan ÍSÍ og höfum við sýnt fram á áhuga okkar að vera með.

Reynt var að skipuleggja heimsóknir til aðildarfélaganna í sumar en erfitt reyndist að samhæfa alla, best væri kannski að aðildarfélagin bjóði stjórn AKÍS til sín og finni sjálf dagsetningar sem hægt væri að negla sérstaklega ef um stórviðburði er að ræða, gaman væri ef formenn myndu gera það í kaffihléinu hér á eftir og reynum við að skipuleggja okkur miðað við dagetningar.

Formaður sat formannafund ÍSÍ og það helsta þaðan að fréttu er að AKÍS er eina sambandið sem er aðeins með karlmenn í stjórn og lofaði formaður betrun á því, en miðað við framboð til stjórnar á þinginu yrði engin betrun.

Stofnuð var sérstök nefnd sem tók á keppnisgjöldunum, þessi nefnd kom með hugmynd að ódýrari keppnisskírteinum en hafa verið í boði og var ákveðið að prófa það, við þetta varð þó flækjustigið í verðlagningunni mun meira.

Seld voru 201 keppnisskírteini í sumar sem er fækkun frá 2012 og er áhyggjuefni hversu fáir keppendur eru, við verðum að sameinast um að fjölga í sportinu, eins er með áhorfendur en að undanskilinni torfæru liggur við að hægt sé að telja áhorfendur á annarri hendi að akstursíþróttaviðburðum sumarsins, stefnan á að vera að inná allar akstursíþróttakeppnir AKÍS verði hægt að selja aðgang, og ef ekki er hægt að selja aðgang að þá sé hægt fá virði aðgangseyrisins eða meira í formi styrkja frá velviljuðum

fyrirtækjum. Við verðum að muna að keppnirnar eru fjáröflun keppnishaldaranna og niðurfelling á keppnum á ekki að þurfa að vera vegna fárra keppenda, við verðum í sameingu að reyna að auglýsa sportið til þess að fá umfjöllun, af umfjöllun getum við fjölgað áhorfendum, áhorfendur hafa áhrif á styrktaraðila og það hefur svo áhrif á fjölgun keppenda í greinunum, þetta helst allt í hendur.

Unnið var að vefsíðu sambandsins og hefur hún lagast stig frá stigi og er orðin mjög boðleg, en enn á eftir að finna upp gott lén á sambandið þar sem eigandi AKIS.is vill ekki láta það af hendi.

Sameining AKÍS og LÍA í eitt samband er enn í vinnslu og eru aðeins orðalagsbreytingar þar í veginum en sameina þarf 3 félag, Landssamband Íslenskra Akstursíþróttafélaga, Akstursíþróttanefnd ÍSÍ og Akstursíþróttasamband Íslands, þetta er í góðri vinnslu og mun að öllu óbreyttu verða lokið fyrir upphaf keppnistímabils 2014.

Gerðar voru upp skuldir LÍA og akstursíþróttanefndar ÍSÍ við FIA, og er AKÍS nú komið í ágæt mál fjárhagslega, vegna ríkisstyrkja og lottógreiðslna.

Öryggisnefnd mun setja keppnisnámskeið og öryggisnámskeið á hærri stall þetta árið en styrkur sem sótt var um í fyrra hefur nú verið samþykktur og hefur fyrsta greiðsla af 3 borist okkur en styrkurinn var að upphæð 20.000 evrur og hægt er að halda mjög góð námskeið fyrir það.

Stefnan um öruggar akstursíþróttakeppnir og þar með fjölgun iðkenda og keppenda gekk ekki sem skyldi þar sem fækkun var á keppendum milli árána 2012-2013, en reynt var að auka öryggi áhorfenda, starfsmanna og keppenda með öllum leiðum og gekk það mjög vel.

Ákveðið var að taka hart á tryggingarviðaukum en samkvæmt lögum eiga þeir sem taka þátt í keppnum og æfingum að hafa slíkan við hendina, stórt hagsmuna mál í þessu samhengi eru til dæmis fornbílar sem greiða litla tryggingu og neituðu tryggingarfélag að bæta á þá viðauka, hér þarf klárlega að semja um eitthvert fast gjald sem tryggingarfélagin mega innheimta ef fornbílar taka þátt í keppni, en margir af spyrnubílum landsins eru einmitt fornbílar, vinna við þetta hefur verið stöðug frá síðasta ársþingi.

Kvartmíluklúbburinn sendi tryggingarfélagum póst þar sem tekið var fram hverjir væru að keppa vegna tryggingarviðauka og leggjum við til að öll aðildarfélag geri slíkt hið sama svo flækjustigið minnki.

Reglum varðandi val á akstursíþróttamanni ársins var breytt þar sem keppnisráðin senda einn aðila frá hverri grein til stjórnar sem velur tvo sigurstranglega út og sér svo formannafundur um lokaval milli þeirra tveggja, í framhaldi af því kom einnig upp sú hugmynd hvort við eigum ekki að gera meira úr akstursíþróttamanni ársins sem þeim allra besta, og munum við ræða það hér um helgina í framtíðarstefnuhlutanum.

Haldnar voru tæplega 40 keppnir á árinu þar af 34 keppnir til Íslandsmeistara en áhyggjuefni er hversu margar keppnir falla niður eða er frestað sérstaklega vegna veðurs á dagatali AKÍS 2013 var stefnt að 52 keppnum.

8 keppendur í Torfæru fóru svo í keppnisvíking til Noregs og uppskáru árangur erfiðisins þegar AKÍS og Ísland eignuðust Evrópumeistara

Og síðast en ekki síst gerði Jón Bjarni Hrólfsson eftirtektarverða hluti í British Rallycross Championship

Á hófi ÍSÍ og íþróttafréttamanna voru krýnd Akstursíþróttamaður og kona ársins en Elsa Kristín Sigurðardóttir og Ólafur Bragi Jónsson hreptu titilinn. Vonandi eigum við eftir að eiga góða stund hér saman um helgina og leysa öll ágreiningasmál í sátt og samlyndi, við skulum ekki gleyma því að við erum í sama liðinu og erum að þessu til þess að auðvelda fyrir framþróun akstursíþróttanna og fjölgun í sportinu, þess vegna skulum við skoða lagabreytingar og aðrar tillögur með opnum huga og dæma ekki fyrr en við höfum heyrt öll þau rök er liggja fyrir. Á morgun munum við eyða smá tíma í að móta stefnu og framtíðarsýn AKÍS, ég geri mér grein fyrir að við gefum þessum málaflokki ekki mikinn tíma en í framhaldi af þeirri vinnu geta áhugasamir tekið sig saman og unnið með stjórn að framtíðarsýn sem myndi verða kynnt á formannafundi í haust.

6. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Ólafur Guðmundsson fór yfir tekjur og gjöld Akstursíþróttasambands Íslands árið 2013.

7. Umræður og samþykkt reikninga

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar eða reikninga.

Reikningar sambandsins voru síðan bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Ólafur Guðmundsson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursíþróttasambands Íslands fyrir árið 2014.

9. Umræður um fjárhagsáætlun

Hafsteinn Pálsson benti á að Lottótekjur hefðu verið óvenjumiklar á síðasta ári og ef til vill full mikil bjartsýni að gera ráð fyrir svipuðu ári aftur. Ólafur sagði frá FIA styrk fyrir öryggisnámskeið. Þar er gert ráð fyrir launum, ferðakostnaði, mat og fleiri þáttum. Mögulegt er að fá erlenda aðila til að kenna.

10. Lagabreytingatillögur

Guðbergur kynnti lagabreytingatillögur og tilgang þeirra, sem er að skýra hlutverk AKÍS og fella betur að reglum FIA og ÍSÍ.

Fundarstjóri fékk síðan samþykki fundarins til þess að taka hverja lagagrein um sig fyrir og ljúka umræðum um hana og telist hún þar með samþykkt. Að því loknu lagði fundarstjóri lagabreytingarnar í heild sinni fyrir þingið og voru þær samþykktar samhljóða. Viðhengi við fundargerð þessa eru löggin eins og þau voru samþykkt.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

Stjórn AKÍS lagði fram númeruð þingskjöl sem send voru með fundarboði og var farið yfir þau hvert fyrir sig (sjá nánar í þingskjölum):

#1 - Gengið verði þannig frá í lögum og reglum að valdsvið keppnisráða sé skýrt.

-Vísad til afgreiðslu þingskjals #7

#2 - Keppnisráðin fái ákveðna upphæð til ráðstöfunar á hverju keppnistímabili vegna ferðalaga og útnefninga og vals á öryggisfulltrúum, dómnefndarmönnum og skoðunarmönnum

-Vísad til stjórnar

#3 - X flokkur verði ekki keyrður oft og reglan taki gildi strax.

-Vísad í samráð stjórnar og keppnisráðs.

#4 - Ársþing ákveði námskeið og þjálfun skoðunarmanna, öryggisfulltrúa og dómnefndarmanna fyrir byrjun keppnistímabils 2014.

- Vísad til stjórnar.

#5 - AKÍS kosti vinnu við það að koma öllum rallyreglum á tölvutækt form og birti þær og jafnvel gefi út á prenti.

- Vísad til stjórnar

#6 - Allar breytingar á Keppnisreglum í mótorsporti berist til AKÍS eigi síðar en 1. Október ár hvert og verði þær samþykktar og gefnar út af AKÍS eigi síðar en 15. Nóvember sama ár.

-Vísad til afgreiðslu þingskjals #7

#7 - Reglugerð keppnisráða:

1. Keppnisráð hvern greinar skulu skipuð minnst þremur aðilum, og sjá þeir sjálfir um að skipa í embætti, en krafa er um að í keppnisráðinu séu að minnsta kosti formaður og ritari.
 2. Í samráði við laganefnd AKÍS sér keppnisráð um að setja og yfirfara reglur fyrir keppni á vegum þess.
 3. Keppnisráð skal almennt leggja breytingar á reglum á vegum þess fram til stjórnar AKÍS tímanlega fyrir formannafund, þar sem þær eru lagðar fram til samþykktar eða synjunar. Séu þær samþykktar skulu þær birtar á vef AKÍS fyrir 1. desember sama ár og þær voru samþykktar.
 4. Þegar um brýna nauðsyn er að ræða getur stjórn samþykkt breytingar á keppnisreglum.
 5. Keppnisráð sér um að reglur á þess vegum séu aðgengilegar á vef AKÍS.
 6. Keppnisráðið getur aðstoðað mótshaldara við túlkun reglna sé eftir því leitað, en getur aldrei átt aðild að framkvæmd keppni.
 7. Keppnisráð undirbýr verðlaunafhendingu á Íslandsmeisturum ársins í samvinnu við stjórn AKÍS.
 8. Að undangengnum tilnefningum frá félögum sem starfa innan viðkomandi keppnisgreinar skilar keppnisráð tillögum til stjórnar varðandi val á akstursíþróttamanni ársins.
 9. Keppnisráð skulu skila skýrslu til stjórnar AKÍS fyrir formannafund hvert ár.
- Eftir nokkrar umræður voru ofangreindar reglur samþykktar

#8 - Meðfylgjandi keppnisreglur verði samþykktar sem leiðbeinandi fyrir keppnishaldara AKÍS frá og með ársþingi 2014.

-Samþykkt, með fyrirvara um að stjórn taki við athugasemdum innan viku og kom með reglur fyrir keppnistímabilið.

#9 - Breytingar á verðskrá AKÍS:

Keppnisskírteini - Gildir til 31. desember útgáfuárs 10000

Dagsskírteini - Gildir í eina ákveðna keppni 5000

Nýliðaskírteini (aldrei keppt áður) - Gildir til 31. desember útgáfuárs 5000

-Samþykkt eftir að dagsskírteini hafði verið bætt inn. Stjórn var falið að leita til laganefndar ÍSÍ hvort dagsskírteini eigi að telja með er reiknað er fjöldi þingfulltrúa aðildarféлага, samkvæmt 6. grein laga AKÍS.

#10 - Formannafundur og Lokahóf AKÍS verði haldið 1. Nóvember 2014 og staðsetning verði á Akureyri.

Ut anumhald mun verða á ábyrgð Bílaklúbbs Akureyrar.

-Samþykkt

#11 - Stofnað verði til Mannvirkjanefndar innan AKÍS

og stjórn AKÍS falin undirbúningur málsins.

-Samþykkt að hefja undirbúning

#12 - Meðfylgjandi skilgreiningar um „Keppnir og skilyrði“ verði samþykktar sem sameiginlegur skilningur keppnishaldara, AKÍS, ráðuneyta og lögregluyfirvalda frá og með ársþingi 2014.

-Vísað til stjórnar til frekari vinnslu.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

#A - Fulltrúar aðildarféлага standi sjálfir straum af kostnaði vegna matar, kaffi og annars kostnaðar sem hlýst af þjónustu við þá á meðan á Ársþingum AKÍS stendur.

- Dregið til baka.

#C – Lagt verði í áframhaldandi vinnu vegna Mótakerfis AKÍS.

-Samþykkt

13. Framtíðin

Ólafur Guðmundsson flutti kynningu um framtíðarsýn fyrir akstursíþróttir.

Þórður Bragason – mikilvægt að fundargerðir berist til formanna.

Baldur – AKÍS verði sýnilegt innan ÍSÍ og víðar – efla þarf ímyndina.

Hafsteinn Pálsson – ÍSÍ vill sjá öflug sérsambönd. Sérstaklega ný sérsambönd. Þarf nokkuð til að ÍSÍ samþykki ný sambönd inn. Samböndin ráði við hlutverk sitt bæði félagslega og fjárhagslega. Einnig að þau geti lent álitamállum.

Ingimundur Helgason – fyrst þarf að treysta innviði. Samskipti við félögin áður en við horfum lengra. Vera góð heild og virk stjórn.

14. Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Árni Gunnlaugsson formaður kjörbréfanefndar.

a) Stjórn, samanber 11. grein

Guðbergur Reynisson gaf kost á sér áfram sem formaður og var það samþykkt með lófataki.

Því næst fóru fram kosningar um aðra stjórnarmenn.

Kjörnir til næstu tveggja ára:

Gunnar Bjarnason – 16 atkvæði

Einar Gunnlaugsson -15 atkvæði

Ari Jóhannsson – 9 atkvæði

Kjörnir til eins árs:

Ragnar Róbertsson - 18 atkvæði

Þórður Bragason – 15 atkvæði

Tryggvi M Þórðarson -11 atkvæði

Í varastjórn voru kjörnir (í þessari röð):

Helga Katrín Stefánsdóttir

Jón Bjarni Jónsson

Gunnar Hjálmarsson

b) 2 skoðunarmenn reikninga

Lögð var fram tillaga um skoðunarmenn AKÍS:

Gunnar Bragason

Jón Gestur Viggósson

Samþykkt með lófataki.

15. Þingslit

Guðbergur Reynisson þakkaði fyrir góðan fund og þakkar traustið. Hann hlakkar til að vinna með nýrri stjórn. Guðbergur flutti líka þakkir fráfarandi stjórnarmanna. Lárusi Blöndal, Ólafi Guðmundssyni og Gunnari Hjálmarssyni sem reyndar heldur áfram í varastjórn.

Fundi slitið um kl. 15:00

Þrándur Arnþórsson

Kjörbréf:

Íþróttabandalag Reykjavíkur	1	Stimpill Akstursíþróttafélag	1
Héraðssambandið Skarphéðinn	1	Akstursíþróttafélagið Start	1
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar	1	Torfærklúbbur Suðurlands	1
Íþróttabandalag Reykjanesbæjar	1	Kvartmíluklúbburinn	2
Íþróttabandalag Akureyrar	1	Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	2
Ungmennasamband Skagafjarðar	1	Bílaklúbbur Akureyrar	3
		Bílaklúbbur Skagafjarðar	1
		Bifreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur	2
		Akstursíþróttafélag Suðurnesja	1
Samtals – 6 + 14 = 20 fulltrúar			

Mæting:

Gunnar Bragason	ÍSÍ
Hafsteinn Pálsson	ÍSÍ
Guðbergur Reynisson	AKÍS/ÍRB
Ragnar Róbertsson	AKÍS/Stimpill
Ólafur Guðmundsson	AKÍS
Einar Gunnlaugsson	AKÍS/BA
Gunnar Hjálmarsson	AKÍS/AÍH
Ari Jóhannsson	AKÍS/KK
Tryggvi M Þórðarson	AKÍS
Þrándur Arnþórsson	AKÍS
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS
Elva B. Stefánsdóttir	HSK
Þórður G Ingvason	BS
Baldur Haraldsson	UMSS
Gunnar Bjarnason	AÍH
Garðar H Gunnarsson	AÍFS
Árni Gunnlaugsson	AÍFS
Ástráður Ási Magnússon	START
Ingólfur Arnarson	KK
Ingimundur Helgason	KK
Sigurjón Andersen	ÍBH
Jón Bjarni Jónsson	KK
Þórður Bragason	BÍKR
G. Linda Karlsdóttir	ÍBR/BÍKR
Stefán Örn Steinþórsson	BA
Jón Rúnar Rafnsson	BA/ÍBA